

### **Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.**

5. fundur haldinn í Borgartúni 3, Reykjavík, föstudaginn 8. febrúar 2008 kl. 13.00

Eftirtaldir nefndarmenn sátu fundinn:

Reykjavík: Hanna Birna Kristjánsdóttir, formaður.

Kópavogur: Einar Kr. Jónsson og Jón Júlíusson.

Hafnarfjörður: Gísli Ó. Valdimarsson varaform. og Rósa Guðbjartsdóttir

Garðabær: Stefán Snær Konráðsson og Eyþór R. Þórhallsson

Mosfellsbær: Haraldur Sverrisson og Finnur Birgisson.

Seltjarnarnes: Ólafur Egilsson og Stefán Bergmann.

Álftanes: Kristinn Guðlaugsson.

Kjósarhreppur: Sigurbjörn Hjaltason.

Fulltrúi Skipulagsstofnunar: Stefán Thors.

Auk þess sátu fundinn: Smári Smáráson, Kópavogi, Arinbjörn Vilhjálmsson, Garðabæ, Þórarinn Hjaltason Almennu verkfræðistofunni og Haraldur Sigurðsson, Reykjavík sem ritaði fundargerð.

Gísli Ó. Valdimarsson varaformaður setti fundinn. Hanna Birna Kristjánsdóttir formaður stjórnaði eftir fyrsta dagskrárlið.

1. Kosning formanns. Gísli Ó. Valdimarsson lagði til að Hanna Birna Kristjánsdóttir yrði formaður samvinnunefndarinnar. Var það samþykkt samhljóða.
2. Lögð var fram fundargerð 4. fundar frá 15. nóvember sl. og var hún samþykkt. Fundargerðin verður send út aftur með leiðréttum lista yfir fundarmenn.
3. Glaðheimalóð, Kópavogi. Breyting á svæðisskipulagi. Lagðar fram athugasemdir sem fram hafa komið við auglýsta tillögu (sendar í tölvupósti þann 5. feb. sl.). Einnig lögð fram drög að tillögu að umsögn um innsendar athugasemdir ("Glaðheimar - Veruleg breyting á svæðisskipulagi. Tillaga að umsögn um innsendar athugasemdir. Unnið af Almennu verkfræðistofunni fyrir samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins", dagsett 4. febrúar, send í tölvupósti 5. febrúar sl.). Smári Smáráson og Þórarinn Hjaltason gerðu grein fyrir umsögninni og lögðu fram endurbætta útgáfu hennar (dagsett febrúar 2008). Fulltrúar sveitarfélaganna tjáðu sig um umsögnina og fyrirliggjandi tillögu að breytingu. Að beiðni fulltrúa Garðabæjar var ákveðið að fresta afgreiðslu tillögunnar. Ákveðið var að leita álits fleiri ráðgjafa en Almennu verkfræðistofunnar á umhverfisáhrifum breytingarinnar og innsendum athugasemdum. Skulu drög að því áliti send fulltrúum nefndarinnar viku fyrir næsta funda samvinnunefndar sem áformaður er eftir rúmar 2 vikur.
4. Næsti fundur nefndarinnar verður mánudaginn 25. febrúar, kl. 13.15.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.00